

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 11. febrúar 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði og svæði verslunar og þjónustu í Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Breytingin felst í því að mörk skipulagssvæðis hliðrast, til að koma fyrir dælustöð norðan kæliturns orkuvers 5. Lóð Hitaveitu Suðurnesja er stækkuð um 1167m² norðan kæliturns orkuvers 5. Byggingar- og framkvæmdasvæði er stækkað til norðurs og að endingu er byggingareitum og aðkomu bætt við vegna dælustöðvar norðan kæliturns orkuvers 5. Tillagan var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum þann 5. mars síðastliðinn.

Skipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Engar athugasemdir bárust. Skipulagið öðlast þegar gildi.

F. h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, 2. júlí 2009,
Ingvar Þór Gunnlaugsson, forstöðumaður tæknideildar.